

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, Glerárdalur - malbikunarstöð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. september 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í því að 2,6 ha óbyggt svæði í Glerárdal breytist í iðnaðarsvæði undir malbikunarstöð. Við breytinguna minnkar svæði á náttúruminjaskrá um 1 ha og iðnaðarsvæðið fellur utan svæðis á náttúruminjaskrá. Jafnframt breytast þéttbýlismörk Akureyrar norðan Glerár.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. september 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2009